

Nd.

421. Nefndarálit

[152. mál]

um frv. til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta, sem flutt er af ríkisstjórninni til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 5. f. m., er um lánveitingar til fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu þeirra.

Ýmsar orsakir liggja til þess, að sjávarútvegurinn á nú í erfiðleikum, m. a. sú gífurlega vaxtahækkun, sem ákveðin var snemma á næstliðnu ári. Sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur lagt óviðráðanlegar klyfjar á fjölda manna og fyrirtækja, þar á meðal á útgerðarfyrirtæki. Þó að nú hafi verið ákveðin nokkur vaxtalækkun, er þar allt of skammt gengið til leiðréttingar.

Það skal því ekki dregið í efa, að brýn þörf sé fyrir lánveitingar til útgerðarfyrirtækja, til þess að rekstur þeirra stöðvist ekki.

Viðskiptamálaráðherra gaf út reglugerð 14. f. m. um fyrirhugaðar lánveitingar samkvæmt bráðabirgðalögunum, Er þar fram tekið, eins og í lögunum, að lán skuli aðeins veitt gegn veði í framleiðslutækjum sjávarútvegsins og sé bankaábyrgð þar að

auki til tryggingar lánunum. Í reglugerðinni segir enn fremur, að andvirði láns skuli greitt í reikning viðskiptabanka þess, sem lánið ábyrgist, enda geti hann gert það að skilyrði, að lánsfénu sé varið til að greiða skuldir við hann eða aðrar skuldir til skamms tíma, sem hann ákveður. Einnig segir í reglugerðinni, að fjár til lánveitinganna geti stofnlánadeildin aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, enda sé svo um samið við viðskiptabanka þeirra fyrirtækja, er lán fá, að staða þessara banka hjá Seðlabankanum batni í samræmi við það. Þá segir og, að umsóknir um lánin skuli afhendast viðskiptabanka umsækjenda, er síðan komi þeim áleiðis til lánveitanda, og hafa skuli „náin samráð“ við banka um athugun á lánbeiðnunum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, er það skilyrði fyrir láni, að banki taki ábyrgð á greiðslu þess, enda getur hann tekið lánsféð upp í skuldir lántakandans eða ráðið því, hvaða skuldir hann borgar með láninu.

Það er til hagræðis fyrir útvegsmenn að fá lán til lengri tíma til greiðslu á skyndilánunum í bönkunum, en er þó alls ekki fullnægjandi. Marga útvegsmenn og fyrirtæki sjávarútvegsins skortir fé til greiðslu á lausaskuldum við aðra en banka og þurfa að nota væntanleg lán til greiðslu á slíkum kröfum. Lánin mega því ekki vera þeim skilyrðum bundin, að þau fari eingöngu til greiðslu á bankaskuldum. Þá virðist engin ástæða til að setja það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir lánveitingu, að bankaábyrgð sé til tryggingar á greiðslu. Aðrar öruggar tryggingar ætti einnig að taka gildar.

Í frv. segir ekkert um það, við hvað skuli miða upphæðir veittra lána. Í brtt., er ég flyt, legg ég til, að lánin verði við það miðuð, að lántakendur geti greitt lausaskuldir sínar, svo að atvinnurekstur þeirra geti haldið áfram, enda sé verðmæti þeirra eigna, er þeir setja að veði, nægilegt til greiðslu á lánunum eða settar aðrar tryggingar, er sjóðsstjórnin metur gildar.

Samkvæmt 2. gr. frv. á stjórn stofnlánadeildarinnar að ákveða vexti af lánunum, að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Ég legg til, að hámark vaxtanna verði 5%.

Frumvarp þetta er aðeins um nýjar lánveitingar til þeirra aðila, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu. En sjávarútvegurinn er ekki eini atvinnuvegurinn, sem nú skortir tilfinnanlega lánsfé. Svo er einnig um landbúnaðinn. Vaxtahækkunin og aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum á næstliðnu ári hafa lagt miklar byrðar á bændastéttina, og svo er komið, að margir bændur geta því aðeins haldið búrekstri sínum áfram, að þeir fái lán með viðráðanlegum vöxtum og borgunarskilmálum til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Þeir eiga líka tvímælalaust rétt á svipaðri fyrirgreiðslu og útvegsmenn. Og fyrirtæki, sem hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, hafa yfirleitt fengið mjög lítil stofnlán til þeirra framkvæmda og búa því við fjárskort eins og eigendur fiskvinnslustöðvanna.

Það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bæta fjárhagsaðstöðu bændu og fyrirtækja þeirra, á sama hátt og gert er með þessu frv. fyrir útvegsmenn og þeirra fyrirtæki. Ég ber því fram breytingartillögu við frv. um að bæta inn í það ákvæðum um sérstaka stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn hjá Seðlabankanum. Í tillögum mínum er gert ráð fyrir, að sú lánadeild veiti lán til einstakra bændu, er skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, og einnig til fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir. Sömu reglur gildi um lánveitingarnar, lánstíma og vexti, eins og um lánin til sjávarútvegsins.

Á liðnum árum hefur verið komið upp atvinnufyrirtækjum á ýmsum stöðum að tilhlutun sveitarfélaga og með þeirra aðstoð til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Mörg slík fyrirtæki hafa notið aðstoðar ríkisins með lánunum af atvinnuaukningarfé og ríkisábyrgðum. Flest eru þau á sviði sjávarútvegsins, og mun rekstur margra þeirra erfiður um þessar mundir eins og annarra útgerðarfyrirtækja. Mun því engu minni þörf nú en áður að veita opinbera aðstoð, til þess að starfsemi þeirra geti haldið áfram. Til þess að greiða fyrir því, að þau geti fengið stofnlán samkvæmt frumvarpinu, er hér liggur fyrir, flyt ég breytingartillögu um heimild til ríkisábyrgðar fyrir lánunum til þeirra, allt að 30 millj. kr. Ríkisábyrgð sé þó því aðeins veitt, að

sú þingkjörna nefnd, sem úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga, mæli með ábyrgðinni. Yrði þá nefndin að meta þörfina fyrir slíka aðstoð.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“ í 1. málsg. komi: eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.
 - b. Við 3. málsg. bætist:
og séu ársvextirnir eigi hærri en 5%.
 - c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, enda sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því, eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.
2. Við 3. gr. Á eftir „viðskiptabanka umsækjanda“ í 1. málsg. bætist inn í greinina: ef um er að ræða,
3. Á eftir 4. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, þannig:
 - a. (5. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 30 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga.
 - b. (6. gr.) Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, er nefnist Stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veiti lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarfurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins, eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkslánstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánnum samkv. 2. gr., og mat á eignum fari eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.
Fjár til lánveitinga samkv. þessari grein skal aflað á sama hátt og til lána samkv. 1. gr.
Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjanda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar, skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkv. þessari grein.
4. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um stofnlán hjá Landsbanka Íslands, Seðlabankanum.

Alþingi, 27. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson.